

ÍPRÓTTA- OG TÓMSTUNDARÁÐ

Ár 2017, föstudaginn 8. desember var haldinn 273. fundur íprótta- og tómstundaráðs Reykjavíkur. Fundurinn var haldinn í Höfðatorgi Arnarholti og hófst kl. 12.24. Mætt: Þórgnýr Thoroddsen formaður, Eva Einarsdóttir, Tomazs Chrapek, Hermann Valsson og Örn Þórðarson varamaður fyrir Mörtu Guðjónsdóttur. Jafnframt sátu fundinn: Trausti Harðarson áheyrnarfulltrúi Framsóknar- og flugvallarvina, Steinþór Einarsson skrifstofustjóri, Andrés B. Andreasen fjármálastjóri ÍTR, Ómar Einarsson sviðsstjóri ÍTR og Helga Björnsdóttir skrifstofustjóri sem ritaði fundargerð.

Þetta gerðist:

1. Lagt fram 9 og 10 mánaðar uppgjör íprótta- og tómstundasviðs.
2. Fram fer kynning á viðhalds- og framkvæmdahugmyndum í Fjölskyldu- og húsdýragarðinum.

Þorkell Hreiðarsson frá Fjölskyldu- og húsdýragarðinum tekur sæti á fundinum undir þessum lið.
- Kl. 12.30 taka Dóra Magnúsdóttir og Kjartan Magnússon sæti á fundinum.
3. Lagt fram bréf skrifstofu borgarstjóra, dags. 29. nóvember 2017, þar sem óskað er eftir umsögn íprótta- og tómstundaráðs um drög að lýðræðisstefnu Reykjavíkurborgar. Vísað til sviðsstjóra.
4. Lögð fram tillaga um afgreiðslutímar sundstaða og Ylstrandar 2018. Samþykkt.
5. Lagt fram bréf sviðsstjóra íprótta- og tómstundasviðs, dags. 4. des. 2017, með tillögum samstarfsnefndar íprótta- og tómstundasviðs, ípróttabandalags Reykjavíkur og skrifstofu eigna og atvinnuþróunar um styrki vegna viðhaldsverkefna hjá ípróttafélögum. Samþykkt samhljóða.
6. Lagt fram bréf sviðsstjóra íprótta- og tómstundaráðs, dags. 5. des. 2017, vegna viðhalds skátaheimila.
7. Lagt fram bréf sviðsstjóra íprótta- og tómstundasviðs, dags. 7. des. 2017, varðandi styrkúthlutanir ráðsins fyrir árið 2018 ásamt tillögu styrkjanefndar. Samþykkt.

Þórgnýr Thoroddsen vísar af fundi undir þessum lið og Eva Einarsdóttir tekur við stjórn fundarins.
8. Íprótta- og tómstundaráðsfulltrúi Samfylkingarnar Dóra Magnúsdóttir leggur fram svohljóðandi tillögu:

Fulltrúar meirihluta/ÍTR vísa því til forstöðumanns Sundhallarinnar að útfæra fleiri skipulagða opnunartíma á brettunum nú þegar útilaugin hefur opnað. Brettin eru lítið aðgengileg á virkum dögum, litla brettið eina klst á viku og stóra brettið aldrei fyrr en eftir kl. 20.30 sem er tími sem hentar ungum stökkvurum og hoppurum illa.

Í ljósi þess að brettin eru einu sinnar tegundar á landinu er mikilvægt að aðgengi þeirra sé mikið. Einnig mætti kynna brettin séstaklega enda skemmtileg afþreying, einkum fyrir börn og unglinga.

Frestað.

Fundi slitið kl. 13.50

Eva Einarsdóttir

Dóra Magnúsdóttir
Hermann Valsson
Kjartan Magnússon

Tomazs Chrapek
Örn Þórðarson